

FRÉTTATILKYNNING FRÉTTATILKYNNING

Meðfylgjandi þessari fréttatilkynningu er bréf mitt til forseta Alþingis Einar Kristinn Guðfinnssonar í dag.

Með bréfinu sendi ég honum alla stofnúrskurði FME frá október 2008 um stofnun nýju bankanna þriggja ásamt fylgigögnum um nákvæmar forsendur fyrir flutningi og afskriftum einstakra lána einstaklinga og fyrirtækja við flutning úr gömlu bönkunum í þá nýju. Gögnum þessum hefur til þessa verið haldið leyndum með skipulegum hætti. Fylgja þau hér í viðhengi.

Í þeim gögnum gefur að lesa nákvæmlega allar forsendur og lista yfir stærstu lánin sem flutt voru yfir og afskriftir þeirra. Þessi gögn staðfesta með óyggjandi hætti það sem lengi hefur verið haldið fram af mörgum aðilum svo sem Hagsmunasamtökum heimilanna, Framsóknarflokknum og fleiri samtökum og einstaklingum að nýju bankarnir eignuðust aldrei neitt annað en afskrifaðar eignir / kröfur á fólk og fyrirtæki. Þannig voru kröfurnar færðar á nettóvirði í bækur hinna nýju banka.

Samningar ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur undir forystu þáverandi fjármálaráðherra Steingríms J. Sigfússonar á árinu 2009 leiddu til þess að þessir stofnúrskurðir voru afturkallaðir með ólögætum hætti í þágu erlendra vogunarsjóða og mjög alvarlegum íþyngjandi efnahagslegum afleiðingum fyrir einstaklinga og fyrirtæki í landinu.

Með því að gera þessa formlegu stjórnvaldsúrskurði Fjármálaeftirlitsins opinbera og öllum aðgengilega þýðir ekki lengur fyrir verandi ráðherra og embættismenn svo og bankamenn að þræta um málin. Nú verða gögnin með öllum forsendum aðgengileg til skoðunar fyrir alla sem það kjósa.

Gögnunum fylgir jafnframt 8 bls. minnisblað þar sem gerð er stutt grein fyrir helstu atriðum þessara gagna. Í seinni hluta minnisblaðsins er síðan fjallað um líkleg lögbrot ráðherra, embættismanna og bankamanna á fjölmörgum íslenskum lögum frá árinu 2009 allt fram á þennan dag. Minnisblaðið fylgir í viðhengi.

Þar ber hæst umfjöllun um meint brot á almennum hegningarlögum auk annara laga svo sem stjórnsýslulaga og laga um fjármálafyrirtæki. Sýnist sú samræmda brotastarfssemi hafa verið viðtækari og varað lengur en dæmi eru um svo kunnugt sé og afleiðingarnar alvarlegri fyrir þjóðina en hægt er að ná utan um í tölum einum og sér.

Til viðbótar við þessa auðgun vogunarsjóða og erlendra kröfuhafa að fjárhæð á milli 300-400 milljarða eru enn verri þær afleiðingar þessa örlætisgjörnings Steingríms og Jóhönnu að hafa framlengt kreppuna vegna hrunsins um mörg ár með enn alvarlegri afleiðingum fyrir fólk og fyrirtæki.

Garðabæ 22.01.2015

Víglundur Þorsteinsson
s. 617-5008